

# STARFSLEYFI

til að starfrækja [fiskeldi]<sup>1</sup>.

Háskólinn á Hólum.<sup>2</sup>

Kt. 500169-4359

Háeyri 1

550 Sauðárkrókur

---

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Háskólann á Hólum, kt. 500169-4359, til að starfrækja fiskeldi á Háeyri 1, 550 Sauðárkróki. [Starfsleyfi þetta gildir fyrir eldi á lax, bleikju, urriða, hornsíli, þorsk, lúðu, hlýra, hrognkelsi, beitarfisk, zebrafisk, beitukóng o.fl.. Heimilt er að ala allt að 14 tonn árlega].

Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000 og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði gefin út af Umhverfisstofnun.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og [efnalaga nr. 61/2013]<sup>3</sup> eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Samþykkt með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000 og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði gefin út af Umhverfisstofnun.

## [Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.<sup>4</sup>

Gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingu og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

### 1. Almenn

1.1. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.

---

<sup>1</sup> Áður stóð skóla.

<sup>2</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til Háskólans á Hólum. kt. 500169-4359 þann 18. desember 2012. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi.

<sup>3</sup> Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni voru felld úr gildi með efnalögum nr. 61/2013.

<sup>4</sup> Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 582/2000.

- 1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3. Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

## 2. Lóð og húsnæði

- 2.1. Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.
- 2.2. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3. Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4. Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## 3. Mengunarvarnir

- 3.1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.
- 3.2. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.
- 3.3. Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslí sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 3.4. Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.
- 3.5. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6. Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7. Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum

## 4. Eftirlit

- 4.1. Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þess undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá [Umhverfisstofnunar]<sup>5</sup>, eins og hún er hverju sinni. ]

---

<sup>5</sup> Áður stóð viðkomandi heilbrigðiseftirlits

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við [Umhverfisstofnun]<sup>6</sup>. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti (sbr. 785/1999 gr 20.) Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá [Umhverfisstofnunar]<sup>7</sup>.

### Gildistaka


Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 18. desember 2024.

Reykjavík, 07. 09. 2016<sup>8</sup>

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri



Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

<sup>6</sup> Áður stóð Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

<sup>7</sup> Áður stóð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

<sup>8</sup> Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra til Háskólans á Hólum. kt. 500169-4359 þann 18. desember 2012. Í samræmi við breytingar á lögum nr. 71/2008 tók Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi.

